

54. ársþing BLÍ

Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, föstudaginn 27. mars 2026, kl. 17:00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara

Grétar Eggertsson formaður stjórnar BLÍ setti þing kl. 17:11 og tilnefndi Valdimar Leó Friðriksson sem þingforseta, samþykkt.

Einar Friðgeir Björnsson tilnefndur sem þingritarar, samþykkt

Báðir taka til starfa.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

- a) Kjörbréfanefnd, lagt til að Lúðvík Már Matthíasson sé formaður og með honum Hafdís Ósk Pétursdóttir og Andri Hnikarr Jónsson, samþykkt. Þau tóku strax til starfa.
- b) Fjárhagsnefnd, lagt til að Katrín Einarsdóttir sé formaður, samþykkt samhljóða.
- c) Allsherjarnefnd, lagt til að Elsa Elísdóttir sé formaður, samþykkt samhljóða.
- d) Laganefnd, lagt til að Katrín Einarsdóttir sé formaður, samþykkt samhljóða. Lagt til að fjárhagsnefnd og laganefnd vinni saman.

3. Skýrsla stjórnar

Grétar fer með skýrslu stjórnar. Hún er aðgengileg á heimasíðu BLÍ.

4. Reikningar síðasta starfsárs

Reikningar kynntir af framkvæmdastjóra BLÍ, Katrínu Einarsdóttir.

Engar fyrirspurnir.

Reikningum vísað til fjárhagsnefndar.

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ.

Willum Þór Þórsson Forseti ÍSÍ flytur ávarp. Aðrir gestir frá ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson.

Willum færði þakki frá starfsfólki og skrifstofu ÍSÍ fyrir samstarfið og framlag BLÍ í þágu blaks, forvarna og fleiri atriða. Hefur alltaf heillast af blakinu. BLÍ hefur tekist að byggja upp skemmtilega menningu í

kringum blakið. Hann upplifði það sterkt á bikarúrslitahelginni. Öldungablakið dýrmætt fyrir lýðheilsu hjá stórum hópi. Hann hrósaði BLÍ fyrir ungliðastarf þar sem góður árangur hefur náðst í landsliðsverkefnum. Það er nauðsynlegt að bæta við afreksfé frá hinu opinbera til að kostnaður leggist ekki alltaf á sömu herðar. Fyrir það er nauðsynlegt fyrir íþróttahreyfinguna í heild að setja fram kröfur með raunverulegri stefnu og kynna fyrir stjórnvöldum. Ein stærsta réttlætning fyrir því er forvarnargildið og lýðheilsu sem íþróttir unga fólksins hefur. Tækifæri fyrir íþróttahreyfinguna að auka samstöðuna innan hreyfingunnar í heild fyrir samtalið við stjórnvöld. ÍSÍ hefur hafið fundarröð til að hefja það samtal. Skilaboð til ársþingsins, tölum jákvætt um íþróttina og starfið. ÍSÍ er til staðar fyrir BLÍ.

Lögmæti þings

Lögmæti þings var kannað og engar athugasemdir gerðar. Þingið sagt lögmætt.

Lúðvík gerir grein fyrir kjörbréfum, 25 atkvæði á kjörbréfum frá 10 félögum, 21 mættir

Kjörbréf samþykkt .

Félög	Mættir	Atkvæði
Fylkir	2	2
Þróttur Fjarðabyggð	1	3
USVH	1	1
HK	4	4
Keflavík	1	1
KA	2	4
Afturelding	4	4
Þróttur R/BFH	4	4
Völsungur	1	1
Leiknir F	1	1
Samtals	21	25

6. Ávarp annarra boðsgesta

Engin önnur ávörp.

7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Katrín Einarsdóttir framkvæmdastjóri BLÍ kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2027.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

8. Laga- og leikreglnabreytingar

Grétar Eggertsson kynnti breytingar á lögum.

Lagðar eru fram eftirfarandi viðbætur við lög (rétt orðalag að tillögum má finna í viðauka við ársþingsgerðina).

- Ný grein - 2.2 – BLÍ og aðildarfélög fylgi lögum, reglum, siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSÍ.
- Ný grein - 2.3 - Starfsfólk BLÍ, nefndir, fulltrúar, þjálfarar, dómarmar og aðrir fylgi siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSÍ.
- Ný grein - 2.4 – Afla sakavottorða fyrir einstaklinga sem hafa umsjón með börnum eða ungmennum undir 18 ára í samræmi við lög og reglur ÍSÍ.

Gerðar eru tillögur að breytingum á eftirfarandi reglum (rétt orðalag að tillögum má finna í viðauka við ársþingsgerðina).

- Grein 5 – Blakþing skal vera rafrænt þing.
- Grein 8 - Árskýrsla BLÍ og fundargerð skal send rafrænt til ÍSÍ innan tveggja mánaða frá þingi.
- Grein 10 – Breyta heiti Ársþings í Blakþing
- Grein 20 – Breyting frá Ársþingi í Blakþing

Lagt er til að bætt verði inn nýrri grein, 16.1 gr., á eftir 16. gr. í lögum BLÍ. Að öðru leyti haldast lögin óbreytt (rétt orðalag að tillögum má finna í viðauka við ársþingsgerðina).

- Ný grein 16.1 – Fjallar um viðurlög vegna brota á lögum og reglugerðum BLÍ.

Lagabreytingum var vísað til Laganefndar.

Rósborg fer yfir leikreglnabreytingar. Ítarleg samantekt á tillögum má finna í viðauka við ársþingsgerð.

- Tillaga 1: Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB
- Tillaga 2: Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ Breyting á grein 3.4. Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni þar sem þriðja helgarmót deildarkeppni verði leikið með þeim hætti að lið haldi stigum frá fyrri helgarmótum.
- Tillaga 3: Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ 3.gr Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni. Bæta við nýjum lið 3.5 um undanþágum frá almennum leikreglum varðandi bolta í leik. Bolti má fara í loft.
- Tillaga 4: Reglugerð um bikarkeppni BLÍ. Skrá þarf leikmannalista liða áður en dregið er í fyrstu umferð bikarkeppni.
- Tillaga 5: Ný reglugerð um útsláttarkeppni deildarliða.
- Tillaga 6: Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands. Breytingartillaga á skilgreiningu á íslenskum leikmanni.
- Tillaga 7: Ný reglugerð um félagaskipti, ef leikmaður er utan keppni í 4 ár er hann ekki skuldbundinn félagi lengur.

Leikreglnabreytingum var vísað til Allsherjarnefndar.

9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið.

Aðrar tillögur liggja ekki fyrir.

10. Umræður um framkomin mál og tillögur.

Guðrún Kristín – Afturelding. Saknar þess að sjá ekki tillögu sem hún lagði fram á síðasta þingi um fjölda atkvæða fyrir félög. Leggur til að þau lið sem hafa fleiri lið í keppni Íslandsmóts hafi fleiri atkvæði á ársþingi. Finnst einnig óljóst hvernig lið sem sameina keppnislið, líkt og Þróttur R. og BFH, fái skilgreindan fjölda atkvæða.

Arnar - KA spyr hvort ekki hafi komið tillaga frá þeim varðandi bikarkeppni – ekki mótttekið hjá BLÍ.

Þinglé --- kl. 18:25

11. Nefndarstörf

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðsla

Laganefnd:

Engar breytingartillögur á lagabreytingum komu fram í umfjöllun Laganefndar. Lagt til að allar lagabreytingar sem lagðar voru fram (2.2, 2.3, 2.4, 5, 8, 10, 20 og 16.1) yrði bornar upp til atkvæða í einu lagi. Það var samþykkt.

Allar lagabreytingar sem lagðar voru fram voru samþykktar óbreyttar.

Alsherjarnefnd:

Lagt til að hver og ein tillaga sem vísað var til allsherjarnefndar verði borin upp sérstaklega þar sem breytingar komu fram á nokkrum þeirra í umfjöllun nefndarinnar.

Tillaga 1: Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB – Tillaga samþykkt óbreytt.

Tillaga 2: Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ Breyting á grein 3.4 Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni þar sem þriðja helgarmót deildarkeppni verði leikið með þeim hætti að lið haldi stigum frá fyrri helgarmótum. Tillaga felld.

Breytingartillaga frá Allsherjarnefnd um að vísa málinu til stjórnarfundar þar sem stjórn taki afstöðu til tveggja eftirfarandi möguleika varðandi fyrirkomulag varðandi stig liða fyrir þriðja helgarmót í deildarkeppnum. Stjórn reiknar út muninn og tekur ákvörðun um hvor leiðin verði valin:

1. Liðin í viðkomandi riðli halda þeim stigum sem þau unnu í innbyrðis viðureignum á fyrri helgarmótum.
2. Efsta liðið í riðlinum fær 5 stig, næst efsta 4 stig o.s.frv. þar sem neðsta liðið í riðlinum byrjar með 0 stig fyrir þriðja mótið.

Breytingartillaga samþykkt.

Tillaga 3: Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ 3.gr Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni. Bæta við nýjum lið 3.5 um undanþágum frá almennum leikreglum varðandi bolta í leik. Bolti má fara í loft. – Tillaga samþykkt.

Tillaga 4: Reglugerð um bikarkeppni BLÍ. Skrá þarf leikmannalista liða áður en dregið er í fyrstu umferð bikarkeppni. Tillaga samþykkt en lögð til breyting á orðalagi: Öll lið þurfa að skila inn a.m.k 10 manna leikmannalista áður en dregið er í fyrstu umferð. Breytingartillaga samþykkt.

Tillaga 5: Ný reglugerð um útsláttarkeppni deildarliða – Tillaga samþykkt. Viðbótartillaga um að tillaga 3 um að bolti megi fara í loft gildi einnig fyrir útsláttarkeppni deildarliða. Viðbótartillaga samþykkt.

Tillaga 6: Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands. Breytingartillaga á skilgreiningu á íslenskum leikmanni þar sem lagt er til að taka út skilgreiningu á leikmanni yngri en 18 ára. Allsherjarnefnd var ekki samhljóða í áliti og var því kosið um tillöguna á þinginu. Tillagan var felld og því stendur reglugerðin óbreytt.

Tillaga 7: Ný reglugerð um félagaskipti, ef leikmaður er utan keppni í 4 ár er hann ekki skuldbundinn félagi lengur. Tillaga samþykkt.

Ný tillaga frá Allsherjarnefnd:

Tillaga til stjórnar að fjalla um Reglugerð um leikmannasamninga gagnvart leikmönnum sem ekki hafa spilað á umræddu tímabili en eru skráðir í félagið, að hægt sé að skila inn leikmannasamningi utan félagaskiptaglugga. Samþykkt að vísa málinu til stjórnar.

Fjárhagsnefnd:

Umræða um ársreikning og fjárhagsáætlun. Nefndin leggur til að ársreikningur og fjárhagsáætlun séu samþykkt. Samþykkt samhljóða.

14. Önnur mál

- Rósborg kynnir Vinnuhóp í kringum leikmannasamninga
 - Leikmannasamningar hafa verið óbreyttir í allavega 4 ár. Stjórn BLÍ vill endurskoða þá með því að stilla upp vinnuhóp með fulltrúum frá stjórn BLÍ, leikmönnum, félögum og starfsmanni BLÍ.
 - Markmið að samningar verði tilbúnir fyrir 15. Maí 2026
- Rósborg kynnir Reglugerð um þjálfaramenntun
 - Hægt að nálgast upplýsingar um reglugerð á vef BLÍ.
 - Almennt eru flest félög á góðum stað með þjálfaramál.
- Rósborg kynnir Alþjóðleg félagaskipti
 - Þau eru ekki í gildi á Íslandi í dag.
 - Er vilji til að taka upp slíkt form fyrir erlenda leikmenn?
 - Nauðsynlegt ef félagslið taka þátt í keppni erlendis.

Umræða. Það vantar meiri upplýsingar

Það virðist kosta að skrá íslenska leikmenn.

Félag gerir samning við sérsamband í landi viðkomandi leikmanns.

Ef reglur um alþjóðleg félagaskipti verða teknar upp þá munu félögin þurfa að greiða fyrir félagaskipti allra erlenda leikmanna.

- Tillaga um að stilla upp vinnuhópi sem ræðir þetta.
- 2 frá stjórn BLÍ og 3 frá félögum
- Arnar – KA bauð sig fram í vinnuhóp.

- Rósborg kynsir HP lið í Unbroken deild
 - HP - High Performance lið – Afreks Lið - U23 lið.
 - Kynning verður send til íþróttafélaga í tölvupósti fljótlega eftir ársþing.
 - Boðið verður upp á fundi með afreksstjóra BLÍ til að ræða þetta verkefni.

Umræður:

Arnar – KA: Þetta mun auka á samkeppni um leikmenn, sérstaklega við lið á landsbyggðinni.

Emil – HK: Það vantar fleiri lið á höfuðborgarsvæðinu, HK er með mjög stóran hóp í yngri flokkum kvenna. Góð tenging við MK en spurning hvernig þetta er útfært.

Dana – Próttur: Það er hægt að lána leikmenn til annarra liða til að þeir fái spilatíma.

Jóna - Keflavík – Flott hugmynd en hefur áhrif á styrk félaga, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins.

Einstaklings umsóknarferli.

Karen – HK: Kynning fer skakkt af stað þegar iðkendur fá upplýsingar um verkefnið á undan félögum. HK hefur mjög takmörkuð tækifæri til að bjóða yngri iðkendum að æfa með meistaraflokki þar sem yngri hópurinn er mjög stór.

Gunna Stína – Afturelding – Nauðsynlegt að fara í þessa átt en það þarf að gera það með öðrum hætti, t.d. að fá afreks þjálfun til hliðar við deildarkeppnina.

Hafdís – Próttur: Skil hugmyndina ef leikmenn utan af landi vilja koma í bæinn í nám en eru á leiðinni til baka eftir einhver ár.

Grétar – BLÍ: Hvernig á að halda málinu áfram: Félögin þurfa að taka þátt í umræðunni, svara þeim póstum sem munu berast frá BLÍ og vera virk á fundum með afreksstjóra.

- Gunna Stína – Yngri flokka nefnd BLÍ.
 - Kallar eftir að fá fulltrúa frá öllum félögum með unga leikmenn í yngri flokka nefnd til að taka þátt í umræðu og hafa áhrif á starfið.
 - Krakkar eru látin sjá um dómgæslu á yngri mótum, hefur reynst vel
 - Það vantar fleiri viðburði gagnvart yngri iðkendum til að ná til fleiri iðkenda, sérstaklega hjá strákum. Félög mættu stilla upp fleiri skólablaxmótum til að ná til stærri hóps.
 - Sagði frá viðbrögðum skóla í Mosfellsbæ sem vill ekki taka þátt í skólablaxmóti.
 - Emil – nefndi að nauðsynlegt er að hafa skipulag slíkra viðburða mjög einfalt þannig að það sé aðgengilegt fyrir skólana.
 - Ólafur Björn – það mætti skoða að hafa samband beint við kennara viðkomandi árganga.
 - Dana – Hugmynd að stilla upp alþjóðlegu móti líkt og ReyCup í fótbolta til að vekja eftirtekt og eftirvæntingu.
- Emil – Dómgæsla á helgarmótum í neðri deildum
 - Leggur til að dómgæsla færist yfir á liðin sem koma til keppni.
 - Að halda slík mót er mikil vinna fyrir lítinn pening.
 - Nauðsynlegt að lið sem halda helgarmót fái hærri upphæð fyrir.
- Grétar afhendir heiðursviðurkenningu
 - Laufey Björk Sigurfinnsdóttir HK - fær Silfurmerki BLÍ.

15. Kosningar;

Þrjú meðstjórnendur til tveggja ára.

Fjórir einstaklingar í kjöri:

- Gunnar Gunnarsson (gjaldkeri) Sækist eftir endurkjöri
- Unnur Ása Atladóttir (meðstjórnandi) Sækist eftir endurkjöri
- Valgeir Bergmann (núverandi varaformaður) Sækist eftir endurkjöri
- Ólafur Björn Guðmundsson (nýr í framboði)
- Ólafur dróg sitt framboð til baka og lýsti sig tilbúinn að taka þátt í starfi yngri flokka.
- Gunnar, Unnur og Valgeir eru sjálfkjörin.

Þrjú í varastjórn til eins árs

- Lúðvík Már Matthíasson (var í varastjórn líka 2025 – 2026)
- Guðrún Jóna Árnadóttir (ný í varastjórn)
- Hulda Elma Eysteinsdóttir (ný í varastjórn)
- Þau eru sjálfkjörin

Tveir skoðunarmenn reikninga:

- Hjörtur Bjarki Halldórsson
- Davíð Búi Halldórsson
- Þeir eru sjálfkjörin

Þrjú dómara í áfrýjunardómstóll BLÍ:

- Ásgerður Halldórsdóttir
- Matthildur Sverrisdóttir
- Guðmundur Ómar Hafsteinsson
- Þau eru sjálfkjörin

Gréttar sleit þingi. Þakkaði fyrir opin og góð samskipti á þinginu. Stórar ákvarðanir liggja fyrir gagnvart innlendu og erlendu starfi. Nauðsynlegt að hækka standarinn í starfinu og ásýnd blaksins.

Þingi slitið kl. 21:30.

Lög BLÍ

1. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er æðsti aðili um öll blakmál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

2. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er samband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérráða þeirra, og eru þau öll félög innan ÍSí, er iðka, æfa eða keppa í blaki, aðilar að BLÍ.

2.1 gr.

Blaksamband Íslands er æðsti aðili innan ÍSí um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar.

2.2 gr.

BLÍ og allir aðilar innan vébanda sambandsins skulu fylgja lögum, reglum, siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSí eftir því sem við á. BLÍ skal innleiða breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSí í eigið regluverk eftir því sem við á. Komi upp misræmi milli laga eða reglna BLÍ og laga ÍSí, ganga lög ÍSí framár.

Rökstuðningur:

Samkvæmt 7. gr. laga ÍSí ber sambandsaðilum og íþróttafélögum að fylgja lögum og reglum ÍSí og innleiða breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSí í eigið regluverk, eftir því sem við á. Þetta ákvæði hefur ekki verið í lögum BLÍ og því bætt við núna. Án skýrrar forgangsreglu getur skapast óvissa ef lög eða reglur BLÍ rekast á við regluverk ÍSí. Slíkt getur valdið töfum í ákvörðunum og aukinni stjórnsýslulegri áhættu.

2.3 gr.

BLÍ starfar í samræmi við siðareglur og hegðunarviðmið ÍSí eftir því sem við á. Stjórn BLÍ, nefndir, starfsmenn, fulltrúar, þjálfarar, dómara og aðrir sem koma fram fyrir hönd BLÍ skulu virða og framfylgja þeim viðmiðum. BLÍ skal viðhafa góða stjórnarhætti í starfsemi sinni, meðal annars varðandi gagnsæi, ábyrgð, hæfi og meðferð hagsmunaárekstra, í samræmi við leiðbeiningar og reglur ÍSí.

Rökstuðningur:

Lög BLÍ lýsa hlutverki og stjórnskipulagi, en kveða ekki skýrt á um bindandi skyldu til að fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSí eða viðhafa góða stjórnarhætti. Ef skylda til siðareglna og góðra stjórnarháttá er ekki skýr í lögum BLÍ getur það veikt innleiðingu og eftirfylgni innan blaksins og skapað misræmi við skylduákvæði ÍSí.

2.4 gr.

Þegar ráða á einstakling til starfa eða verkefna sem felur í sér umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, skal afla sakavottorðs í samræmi við lög og reglur ÍSí hverju sinni og þær kröfur sem ÍSí gerir um framkvæmd og meðferð slíkra gagna.

Óheimilt er að ráða til slíkra starfa einstakling sem fellur undir bannákvæði ÍSÍ um ráðningar vegna tiltekinnna refsidóma, enda gildi bannið á hverjum tíma samkvæmt regluverki ÍSÍ.

Rökstuðningur:

Samkvæmt lögum ÍSÍ (gr. 7.1 f) er fjallað um heimildir til að ráða aðila til starfa sem sinnir starfi með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri. Lög BLÍ fjalla ekki sérstaklega um lágmarkskröfur ÍSÍ og því er verið að bæta þessum kafla við í lögin

3. gr.

Starf BLÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra blakmála.
- b) Að vinna að eflingu blaks í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd blaksins. Með hæfilegum fyrirvara skal tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

4. gr.

Málefnum BLÍ stjórna:

- a) Blakþingið.
- b) Stjórn BLÍ.

5. gr.

Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ.

Blakþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum sem eiga lið í Íslandsmóti og sambandsaðilum BLÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við efsta lið félags í Íslandsmóti þannig að:

1. Félag með lið í úrvalsdeild hefur 3 fulltrúa
2. Félag með lið í 1. deild hefur 2 fulltrúa
3. Félag með lið í 2. deild eða neðar hefur 1 fulltrúa

Auk þess fær félag með fullt 6 manna lið í Íslandsmóti yngriflokka 1 fulltrúa. Hvert félag getur haft að hámarki 4 fulltrúa

Hvert hérðassamband/íþróttabandalag sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á einum fulltrúa óháð iðkendafjölda.

Á blakþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við BLÍ.

Heimilt er að blakþing sé pappírslaut ef hægt er að koma því við.

Breyting: Blakþing skal fara fram sem rafrænt þing og þingskjöl skulu vera rafræn. Ef sérstakar aðstæður hamla rafrænni framkvæmd er stjórn BLÍ heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að hluta eða öllu leyti.

Þingið skal haldið árlega.

Stjórn BLÍ skal boða það með sannanlegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn BLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Blakþingið er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

6.gr.

Á blakþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn BLÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Fastráðnir starfsmenn BLÍ og ÍSÍ.
- d) Fulltrúar blakdómarafélaga.
- e) Allir nefndarmenn BLÍ.
- f) Ævifélagar BLÍ.
- g) Heiðursformenn BLÍ

Auk þess getur BLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar blak innan sérráða eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á blakþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Þegar langt er og dýrt að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu, þá má fulltrúi fara með fleiri en 1 atkvæði, þó að hámarki 3, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands (félags) sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en 1 atkvæði, verður að vera skriflegt og að vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7. gr.

Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda sömu reglur um það og um reglulegt blakþing.

8. gr.

Störf blakþings eru:

1. Þingsetning

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a. Kjörbréfanefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Laganefnd
 - d. Allsherjarnefnd
 - e. Öldunganefnd
4. Stjórn gefur skýrslu
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, þær sem hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa stjórn.
9. Þinghlé
10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
11. Ákveðið gjald ævifélaga
12. Önnur mál
13. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmenn reikninga, áfrýjunardómstól BLÍ og fulltrúa á íþróttaping
14. Þingslit

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá að nýju, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr.3.málsgr.).

Ársskýrslu BLÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BLÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

Breyting: Ársskýrslu BLÍ, sem stjórnin skal leggja fram fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ með rafrænum hætti innan tveggja mánaða frá þingslitum. Sömu gögn skulu birt sambandsaðilum BLÍ á heimasíðu BLÍ innan sama tímafrests.

Rökstuðningur:

Þetta er í samræmi við nútímalega stjórnarhætti og skilvirkni. Rafænar skýrslur auðvelda dreifingu og styðja við betri upplýsingastjórnun. Þetta er almennt í takt við það sem íþróttahreyfinginn er að gera í dag.

9. gr.

Stjórn BLÍ skipa 5 menn: Formaður, varaformaður, meðstjórnandi, gjaldkeri og fundaritari. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Formaður er kosinn til tveggja ára í senn, sem og aðrir stjórnarmenn, og ganga tveir menn úr stjórninni á hverju ári. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn til eins árs og taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar BLÍ skal berast skrifstofu BLÍ minnst 14 dögum fyrir þing. Þó er heimilt að samþykka framboð sem fram kemur síðar hafi nægjanlegur fjöldi ekki tilkynnt framboð sitt innan tilskilins frests.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

Lok reikningsárs miðast við almanaksár.

10. gr.

Starfssvið stjórnar BLÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir blakþingsins.
- b) Að senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu og aðrar lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- c) Að fylgjast með því að lög og leikreglur BLÍ séu haldin.
- d) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- e) Að breyta og setja reglugerðir milli ársþinga blakþinga samkvæmt reglugerð um breytingar á reglugerðum.

Rökstuðningur:

Samræming á orðalagi

- f) Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir Íslandsmót í öllum flokkum.
- g) Að úthluta þeim styrkjum til blaks, sem BLÍ fær til umráða.
- h) Að vera fulltrúi blakíþróttarinnar á erlendri grundu og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- i) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.

11. gr.

Formaður BLÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr.

Blakráðin (héraðssamböndin) eru milliliður milli félaga sinna og stjórnar BLÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra blakiðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn BLÍ fyrir 1. ágúst ár hvert.

13. gr.

Stjórn BLÍ hefur frjálstan aðgang að öllum blakmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda BLÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

14. gr.

Ævifélagar BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni. Heiðursfélaga BLÍ má stjórn BLÍ kjósa ef hún er einhuga um það.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna heiðursformenn Blaksambands Íslands.

Heiðursformenn BLÍ hafa rétt til setu á blakþingum og hafa þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Heiðursformenn BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga sem stjórn BLÍ tilnefnir sem Heiðursformenn.

15. gr.

Tillögur um að leggja BLÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu blakþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 2/3 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja BLÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir BLÍ til varðveislu.

16. gr. Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ úrskurðar í öllum agamálum BLÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan blakhreyfingarinnar.

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ skal skipuð þremur mönnum og a.m.k. einum til vara og skal a.m.k. einn aðalmanna vera löglærður. Stjórn BLÍ skipar einstaklinga í aga- og úrskurðarnefnd

Nefndin starfar skv. reglugerð BLÍ um aga- og úrskurðarnefnd og skulu ávallt þrír taka þátt í úrskurðum nefndarinnar.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerð um aganefnd BLÍ og eftir atvikum öðrum reglugerðum BLÍ í málum gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga BLÍ.

17. gr. Áfrýjunardómstóll BLÍ

Áfrýjunardómstóll BLÍ starfar skv. reglugerð um áfrýjunardómstól BLÍ. Dómstóllinn skal skipaður þremur löglærðum einstaklingum og a.m.k. einum löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á blakþingi til setu fram að næsta blakþingi. Dómstóllinn kýs sér forseta sjálfur. Þjóði ekki nægur fjöldi löglærða einstaklinga sig fram á blakþingi skal Stjórn BLÍ tilnefna löglærða einstaklinga til setu fram að næsta þingi.

Um kærufrest og þingfestingargjald fer samkvæmt reglugerð um Áfrýjunardómstól BLÍ.

18. gr. Lögsaga

Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

19. gr. Nánar um aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstól BLÍ

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstóll BLÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda BLÍ, sem varða lög og reglugerðir BLÍ eftir því sem við á.

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstóll BLÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum BLÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga BLÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstól BLÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum BLÍ að reka málið fyrir nefndum innan BLÍ.

20. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á blakþingi í apríl 2023 og falla þá eldri lög úr gildi.

Samþykkt á ársþingi **blakþingi BLÍ þann 15. apríl 2023**

Rökstuðningur:

Samræming á orðalagi

Breytingartillaga til ársþings BLÍ 2026

Ný 16.1 gr. Viðurlög

Drög til umræðu og afgreiðslu á ársþingi.

1. Tillaga að breytingu á lögum BLÍ

Lagt er til að bætt verði inn nýrri grein, 16.1 gr., á eftir 16. gr. í lögum BLÍ. Að öðru leyti haldast lögin óbreytt.

16.1 gr. Viðurlög

- Brot á lögum BLÍ, reglugerðum BLÍ og öðrum reglum sem settar eru á grundvelli þeirra geta varðað viðurlögum.
- Heimilt er að beita eftirfarandi viðurlögum innan vébanda BLÍ, eftir eðli brots og aðstæðum:
 - Áminningu eða ávítum.
 - Banni við hvers konar störfum eða aðkomu að kappleikjum.
 - Óhlutgengisúrskurði, sem felur í sér útilokun frá þátttöku í keppni innan blakhreyfingarinnar, tímabundið eða til frambúðar.
 - Sviptingu réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan blakhreyfingarinnar.
 - Dagssektum gagnvart aðildarfélögum BLÍ og sektum á aðildarfélög BLÍ.
 - Úrskurði um leiki, þar á meðal að leikur teljist ógildur, skuli endurtekinn eða að úrslit hans séu dæmd.
 - Ákvörðun um greiðslu kostnaðar vegna máls, þegar við á.
- Nánari ákvæði um beitingu viðurlaga, málsmeðferð, fresti, birtingu, gildistöku og framkvæmd skulu vera í reglugerð BLÍ um aga og úrskurðarnefnd og eftir atvikum öðrum reglugerðum BLÍ.

2. Greinargerð

Á síðasta Íþróttáþingi ÍSÍ var bætt við skýrri skyldu um að lög sérsambanda skuli innihalda viðurlög við brotum á lögum og reglum viðkomandi sambands. Markmið breytingarinnar er að tryggja að regluverk BLÍ uppfylli þessa kröfu og að skýr lagaheimild liggja fyrir um þau viðurlög sem heimilt er að beita innan BLÍ.

BLÍ hefur þegar í gildi reglugerðir sem kveða á um viðurlög og beitingu þeirra, meðal annars í reglugerð um aga og úrskurðarnefnd. Hins vegar hefur upptalning viðurlaga ekki verið sett fram með skýrum hætti í lagatexta BLÍ. Með því að bæta inn 16.1 gr. er lagastoð styrkt, fyrirsjáanleiki aukinn og gagnsæi bætt gagnvart félögum, iðkendum og öðrum sem starfa innan vébanda BLÍ.

Viðurlagaákvæðið er sett fram með almennri upptalningu þeirra úrræða sem heimilt er að beita. Nánari útfærsla um málsmeðferð, fresti, andmælarétt, birtingu og framkvæmd er áfram í reglugerðum BLÍ, þannig að hægt er að halda skýrum ferlum og uppfæra verklag án þess að grípa þurfi til lagabreytinga í hvert sinn.

Breytingin er afmörkuð við að bæta inn nýrri grein og hefur ekki áhrif á önnur ákvæði laga BLÍ, hlutverk aga og úrskurðarnefndar eða dómstóla BLÍ, nema að því leyti að skýrari lagastoð er nú til staðar fyrir þau viðurlög sem reglugerðir BLÍ gera ráð fyrir.

3. Gildistaka

Lagt er til að breytingin taki gildi þegar hún hefur verið samþykkt á ársþingi BLÍ og send ÍSÍ til staðfestingar samkvæmt reglum ÍSÍ.

Tillögur frá skrifstofu og stjórn BLÍ fyrir Árþing 2026

Tillaga 1

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

Bæta við nýjum lið 1.1

Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB

Rökstuðningur:

Taka fram hvaða leikreglum sé fylgt í Íslandsmóti eins og það er tekið fram í reglugerð um Bikarkeppni.

Tillaga 2

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

3.gr Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni

Núverandi reglugerð:

3.4 Deildakeppninni (2. deild og þar fyrir neðan) er leikið í 3 helgarmótum. Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.6. Í 12 liða deildum skal á 1. og 2. helgarmóti spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptast þeir leikir á þessar 2 helgar. Á 3. helgarmóti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samanlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í viðkomandi deild en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um B deildarmeistaratitil. Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppninnar. Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra keppnisfyrirkomulagið í þeirri deild yfir helgarmótin 3. Að jafnaði skulu þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild) og 3 neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan (sjá þó gr 1.5 og 3.1). Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra tilfærslu á milli deilda á milli keppnistímabila.

Tillaga að breytingu:

3.4 Deildakeppninni (2. deild og þar fyrir neðan) er leikið í 3 helgarmótum. Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.6. Í 12 liða deildum skal á 1. og 2. helgarmóti spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptast þeir leikir á þessar 2 helgar. Á 3. helgarmóti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samanlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í viðkomandi deild en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um B deildarmeistaratitil. ~~Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppninnar.~~ **Lið halda öllum þeim stigum sem vinnast á helgarmótum 1 og 2.** Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra keppnisfyrirkomulagið í þeirri deild yfir helgarmótin 3. Að jafnaði skulu þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild) og 3 neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan (sjá þó gr 1.5 og 3.1). Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra tilfærslu á milli deilda á milli keppnistímabila. Rökst

Rökstuðningur:

Helgarmót 1 og 2 veita meira þegar stigin haldast inn í úrslitahelgina.

Tillaga 3

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

3.gr Fyrirkomulag Íslandsmót BLÍ í 1. deild og deildarkeppni

Bæta við nýjum lið 3.5

Í deildarkeppni gildir undanþága frá almennum leikreglum hvað varðar bolta í leik. Heimilt er að spila boltanum áfram ef að hann fer upp í loft eða aðrar hindranir í lofti og kemur niður aftur á sama vallarhelmingi án stefnubreytinga. Fari boltinn hins vegar upp í loft eða aðrar hindranir í lofti og yfir á andstæðan vallarhelming skal dæma boltann úti.

Rökstuðningur:

Í deildarkeppni er keppt á völlum sem oftast en ekki ná ekki að uppfylla reglur um lofthæð í húsum og er oft mikill munur á milli bæði valla og jafnvel vallarhelminga þegar kemur að hindrunum í lofti og lofthæð. Tillagan snýr að því að halda boltanum meira gangandi.

Búið er að taka þessu reglu upp á yngri flokka mótum á Íslandi í vetur og hún er einnig til skoðunar hjá FIVB í sumar.

Einnig er þetta þekkt regla í hinum ýmsum deildum, t.d. í háskólablaki USA, neðri deilum í Noregi o.fl.

Tillagan snýr ekki að 1. deildum og úrvalsdeildum þar sem um skýrt heimalið er að ræða sem gæti þá verið vant því að spila undir þessum aðstæðum helgur einungis í deildarkeppni þar sem keppnishúsnæði eru mörg hverja helgi.

Tillaga 4

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

Núverandi reglugerð:

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.frv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni og verður að vera skráður í það lið félagsins eða eitt þeirra liða sem standa að sameiginlegu liði félagsins í bikarkeppni BLÍ þegar leikurinn fer fram.

Tillaga að breytingu:

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau skrá fleiri en eitt lið frá hverju félagi. Leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni og skal hann vera skráður í það lið félagsins, eða eitt þeirra liða sem standa að sameiginlegu liði, þegar leikurinn fer fram. **Félög sem skrá fleiri en eitt lið í bikarkeppni skulu skila inn 12 manna leikmannalístim fyrir hvert lið áður en dregið er í fyrstu umferð keppninnar. Leikmannalistar eru bindandi frá þeim tíma og óheimilt er að færa leikmenn á milli liða eftir að dregið hefur verið. Heimilt er að bæta við nýjum leikmönnum á leikmannalista eftir að keppni hefst, hafi viðkomandi leikmaður ekki verið skráður á leikmannalista annars liðs sama félags í keppninni.**

Rökstuðningur:

Markmið breytingarinnar er að tryggja jafnræði og heiðarleika í bikarkeppni BLÍ þegar félög senda fleiri en eitt lið til keppni.

Í núverandi fyrirkomulagi er mögulegt að breyta skipan liða eftir að ljóst er hverjir mótherjar eru í fyrstu umferð, sem getur skapað hvata til taktískrar uppstillingar liða og skekkt samkeppni. Þetta á sérstaklega við í tilvikum þar sem lið sitja yfir fyrstu umferð og hafa þannig meiri upplýsingar um framhaldið áður en þau stilla upp sínum liðum.

Með því að krefjast þess að leikmannalistar séu skilaðir áður en dregið er í fyrstu umferð er tryggt að lið séu endanlega skilgreind fyrir upphaf keppni.

Tillaga 5

Ný reglugerð:

Reglugerð um útsláttarkeppni deildarliða

1. gr Þátttökurétt hafa öll þau félög sem eru með skráð lið í deildarkeppni BLÍ. Leikmenn sem spila í 1. deild og úrvalsdeild hafa ekki þátttökurétt í keppninni. Sama á við um U20 leikmenn sem spila í tveimur liðum sama félags. Leikmenn deildarliða innan sama félags geta myndað sameiginlegt lið í útsláttarkeppninni.

2. gr Skráðum liðum er skipt niður í SV-deild og NA-deild. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Dregið er í hverja umferð og fjöldi umferða er ákveðinn af mótanefnd BLÍ samkvæmt skráningu. Mótanefnd BLÍ ákveður tímamörk fyrir einstaka umferðir og raðar leikjum í samráði við liðin. Það lið sem fyrst er dregið úr pottinum skal fá heimaleik.

2.1 Dómarakostnaður greiðist af BLÍ. Lið skulu skipta með sér ferðakostnaði (þó hvorki gisti- né fæðiskostnaði) ef ferðalengd er meiri en 100 km í aðra átt. Sé ferð innan við 500 km í aðra átt skal miða við aksturskostnað, en annars við kostnað vegna flugs og bílaleigubifreiðar eða rútu. (Höfuðborgarsvæðið reiknast allt út frá Reykjavík). Á úrslitahelginni skiptist ferðakostnaðurinn á milli þeirra fjögurra liða sem komast í undanúrslitin.

2.2 Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín og sýna nótur því til sönnunar. BLÍ skal vera með í þeim samskiptum sem snúa að ferðakostnaði en liðin sjá um innheimtu sín á milli. BLÍ er úrskurðaraðili ef upp kemur ágreiningur. Tímamörk greiðslu miða við lok skilgreinds tímabils

3. gr Leikið skal samkvæmt leikreglum FIVB. Spilaðar eru þrjár unnar hrinur og skal umgjörð leikja vera í samræmi við umgjörð í leikjum í 1. deild.

4. gr Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ákveður leikstað og tíma. Efstu tvö liðin í NA-deild og SV-deild fara í pott fyrir undanúrslitin. Þau fjögur lið sem komast í úrslitahelgina deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. grein þessarar reglugerðar. Leikið er bæði um gull- og bronsverðlaun á úrslitahelginni.

5. gr. Heimilt er að selja nafn útsláttarkeppninnar.

Rökstuðningur:

Markmið tillögunnar er að auka keppnismöguleika fyrir lið í deildarkeppni BLÍ og styrkja starf þeirra félaga sem ekki taka þátt í efstu deildum. Með sérstakri útsláttarkeppni skapast

nýr vettvangur fyrir leikmenn til að keppa í meira krefjandi leikjaumhverfi, þar sem hver leikur hefur aukið vægi. Slík keppni getur aukið áhuga, samkeppni og þátttöku innan deildarkeppninnar.

Tillagan stuðlar einnig að því að fleiri leikmenn fái tækifæri til að spila 3 unnar hrinur (best of 5 leiki).

Jafnframt getur keppnin aukið sýnileika deildarliða og styrkt félagsstarf með aukinni samvinnu, t.d. með möguleika á sameiginlegum liðum innan félaga.

Tillaga 6

Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands

2. gr. Skilgreining á íslenskum leikmanni

Núverandi reglugerð:

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem leikur sinn fyrsta keppnisleik á vegum BLÍ frá og með keppnistímabilinu sem leikmaður nær 14 ára aldri á Íslandi, telst íslenskur leikmaður samkvæmt FIVB 2.1.
- Einstaklingur sem leikur keppnisleik í móti á vegum BLÍ á Íslandi með íslensku liði áður en hann nær 18 ára aldri telst íslenskur leikmaður.

2.1. Reglur FIVB um upprunafélag Samkvæmt FIVB er "upprunafélag" (e. Federation of Origin) leikmanns það félag sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmanninn á tímabilinu sem hann verður 14 ára. Leikmaður sem byrjar að spila blak á Íslandi fyrir 14 ára aldur, eða hefur íslenskt upprunafélag samkvæmt FIVB, telst íslenskur leikmaður. Leikmaður getur skipt um upprunafélag ef hann hefur ekki leikið með aðallandsliði þess, hefur búið samfellt í nýja landinu í að minnsta kosti þrjú ár og hefur fengið ríkisfang þess.

Tillaga að breytingu:

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem leikur sinn fyrsta keppnisleik á vegum BLÍ frá og með því keppnistímabili sem leikmaður nær 14 ára aldri á Íslandi, telst íslenskur leikmaður sbr. Reglur FIVB (sjá 2.1).
- Einstaklingur sem leikur keppnisleik í móti á vegum BLÍ á Íslandi með íslensku liði áður en hann nær 18 ára aldri telst íslenskur leikmaður.

2.1. Samkvæmt reglum FIVB er "upprunasamband" (e. Federation of Origin) leikmanns það landssamband sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmanninn í keppni frá og með því keppnistímabili sem hann nær 14 ára aldri.

Leikmaður getur breytt upprunasambandi sínu hafi hann ekki leikið með A-landsliði þess sambands, hafi búið samfellt í nýju landi í að minnsta kosti þrjú ár og hafi öðlast ríkisborgararétt þess lands, í samræmi við reglur FIVB.

Rökstuðningur:

Markmið breytingarinnar er að skýra betur skilgreiningu á íslenskum leikmönnum og samræma hana alþjóðlegum reglum FIVB um upprunasamband (Federation of Origin).

Í núverandi fyrirkomulagi er mögulegt að leikmenn öðlist stöðu íslensks leikmanns með takmarkaðri þátttöku í keppni á Íslandi fyrir 18 ára aldur. Slíkt getur skapað hvata til þess að félög sækja unga erlenda leikmenn með það að markmiði að uppfylla reglur um fjölda íslenskra leikmanna, án þess að það styðji við raunverulega uppbyggingu íslensks blaks.

Með breytingunni er lögð aukin áhersla á skilgreiningu FIVB á upprunasambandi, sem byggir á því hvar leikmaður er skráður til keppni við 14 ára aldur. Með því er tryggt að skilgreining á íslenskum leikmanni sé skýr, samræmd alþjóðlegum reglum og síður háð túlkun.

FIVB sport regulations: <https://www.fivb.com/inside-fivb/legal/constitution-and-regulations/>

Tillaga 7

Reglugerð um félagaskipti

Bæta við nýrri grein:

8. gr. Hafi leikmaður ekki tekið þátt í móti á vegum BLÍ í fjögur (4) keppnistímabil telst hann ekki lengur bundinn fyrra félagi hvað varðar félagaskipti. Í slíkum tilvikum er leikmanni heimilt að skrá sig til keppni með nýju félagi án þess að skila inn yfirlýsingu um félagaskipti.

Rökstuðningur:

Markmið tillögunnar er að tryggja að leikmenn verði ekki bundnir við fyrri félög um óhóflega langan tíma án virkrar þátttöku í starfi félagsins.

Í núverandi fyrirkomulagi geta félög neitað staðfestingu á félagaskiptum, meðal annars vegna óuppgerðra mála. Slíkt getur leitt til þess að leikmenn sitji í raun fastir utan keppni í langan tíma.

Viðmiðið um fjögur ár er í samræmi við almennar reglur um fyrningu kröfuréttinda samkvæmt íslenskum lögum, þar sem venjulegar peningakröfur fyrnast að jafnaði á fjórum árum.

Umræður

1. Stofna vinnuhóp í kringum leikmannasamninga.

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem fari yfir núverandi fyrirkomulag leikmannasamninga hjá BLÍ.

Vinnuhópurinn skal hefja störf í apríl og skila af sér tillögum eigi síðar en 15. maí 2026.

Markmið vinnunnar er að þróa og bæta umgjörð leikmannasamninga í samráði við leikmenn og félög, með það að leiðarljósi að tryggja hag allra aðila.

Skipan vinnuhóps:

- 2 fulltrúar úr stjórn BLÍ
 - 2 fulltrúar leikmanna
 - 2 fulltrúar féлага
 - 1 starfsmaður frá skrifstofu BLÍ
-

2. Kynning á reglugerð um þjálfaramenntun.

Kynnt verður reglugerð um þjálfaramenntun sem áður hefur verið lögð fram en ekki tekin í notkun vegna formgalla.

Reglugerðin verður nú kynnt í yfirfarinni íslenskri þýðingu og opnuð fyrir umræðu meðal aðildarfélaga.

3. Alþjóðleg félagaskipti (ITC – International Transfer Certificate)

Tekin verður umræða um hvort vilji sé til þess að taka upp alþjóðlegt félagaskiptakerfi (ITC) fyrir erlenda leikmenn sem koma til keppni á Íslandi.

Ef niðurstaða umræðu er jákvæð gæti málið farið til formlegrar afgreiðslu á ársþingi 2027, með mögulegri gildistöku haustið 2028. Mikilvægt er að hefja umræðuna tímanlega svo félög hafi svigrúm til undirbúnings.

Helstu atriði til umræðu:

- ITC er nauðsynlegt fyrir þátttöku í mótum á vegum CEV og FIVB.
- Núverandi félagaskiptakerfi innanlands hefur ekki gildi gagnvart FIVB.
- Skortur á ITC getur skapað óvissu eða áhættu fyrir félög í samskiptum við erlenda leikmenn, t.d. við samningsrof.
- Innleiðing ITC felur í sér aukna umsýslu og mögulegan kostnað fyrir félög.
 - Til skoðunar er hvort BLÍ geti tekið að sér umsýslu alþjóðlegra félagaskipta gegn þjónustugjaldi.